

Borgarráð

### ***Atvinnu- og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar***

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögur stýrihóps um atvinnu- og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar til að auka tækifæri til virkni og vinnu fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu og langtíma atvinnulausa einstaklinga. Tillögur 1,2,3,4,5 og 8 skulu koma til framkvæmda á árinu 2018 og því lagt til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu (RHS) hækki um 27,5 mkr. Tillögum 6 og 7 er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar sem og fjármögnun áðurgreindra tillagna vegna fjármögnunar á árinu 2019. Viðauki við fjárhagsáætlun vegna kostnaðar á árinu 2018 verður lagður fram á næsta fundi borgarráðs.

Greinargerð

Stýrihópur um atvinnu- og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar leggur fram átta tillögur til að auka tækifæri til virkni og vinnu fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu og langtíma atvinnulausa einstaklinga. Stýrihópurinn vann tillögurnar upp úr heimsóknum hagsmunaaðila á tímabilinu janúar – maí 2017. Tillögur stýrihópsins voru svo kynntar notendaráði fatlaðs fólks þann 23. nóvember 2017. Í notendaráðinu sitja einstaklingar sem hafa mikla reynslu af þeirri þjónustu sem er í boði fyrir fatlað fólk í Reykjavík og var markmiðið með samráði við notendaráð að fá sýn og athugasemdir þeirra aðila sem þekkja til þjónustunnar. Á sama fund mættu jafnframt fulltrúar Landssamtakanna Þroskahjálpar, Átaks – félags fólks með þroskahömlun, Hlutverkaseturs og Geðhjálpar. Tillögur stýrihópsins voru kynntar á fundinum og að því loknu fóru fram umræður um tillögurnar. Í framhaldinu fengu fulltrúar á fundinum tillögurnar til umsagnar og var þess óskað að athugasemdum yrði skilað til stýrihópsins viku síðar.

Þegar athugasemdir höfðu borist stýrihópnum fundaði hann aftur og vann tillögurnar með tilliti til þeirra athugasemda sem bárust. Með þessu minnisblaði fylgja tillögurnar um aukin tækifæri til atvinnu og virkni fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu og langtíma atvinnulausa einstaklinga. Aftast í tillögunum er að finna kostnaðarmat þeirra.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillögur stýrihóps um aukin tækifæri til atvinnu og virkni, ódags.

Minnisblað stýrihóps um aukin tækifæri til atvinnu og virkni, dags. 22. feb. 2018.

## Tillögur stýrihóps um aukin tækifæri til atvinnu og virkni

### Tillaga númer 1:

Lagt er til að fjölga ráðningum fatlaðs fólks þar sem skerðingin hindrar ekki fulla atvinnuþátttöku ef viðkomandi fær viðeigandi aðlögun á vinnuumhverfi. Skv. lögum og mannréttindastefnu ber að ráða fatlaða einstaklinga í starf séu tveir einstaklingar jafn hæfir. Reykjavíkurborg á að senda skýr skilaboð um að borginni sem vinnuveitanda sé full alvara með að ráða fatlað fólk í störf. Það þarf að vekja meiri athygli á þessum málaflokki og auka stuðning við vinnustaði sem ráða fatlað fólk. Mikilvægt að koma þeim skilaboðum áfram til allra hagsmunaaðila líkt og Öryrkjabandalags Íslands, Blindrafélagsins o.fl. að Reykjavíkurborg vilji ráða fatlað fólk inn á sína vinnustaði.

### Aðgerðir:

- Lista upp hvaða stuðningsaðilar eru á markaðnum til að aðstoða við ráðningar fatlaðs fólks.
  - Leiðbeiningar í byrjun fyrir stjórnendur og starfsstaði og stuðningur við starfsstaði. Samstarf við ferlinefnd vegna leiðbeininga til atvinnurekenda um aðgengismál. Upplýsingar frá hagsmunasamtökum o.fl.
  - Gátlisti fyrir stjórnendur vegna ráðninga á fötluðu fólk.
  - Fræðsla um mannréttindastefnu, lög og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
  - Myndefni frá borginni endurspeglir fjölbreytileika starfsfólks.
  - Endurskoða texta í atvinnuauklýsingum. Passa vel að texti höfði til allra. Hvetja fatlað fólk til að sækja um störf á vegum Reykjavíkurborgar.
- **Fjármagn:** Enginn viðbótar kostnaður.

Ábyrgðaraðilar tillögunnar: Mannréttindaskrifstofa með aðkoma mannauðsdeildar.

### Tillaga númer 2:

Lagt er til að Reykjavíkurborg fjölgi ráðningum fólks með skerta starfsgetu sem eiga rétt á vinnusamningi öryrkja. Reykjavíkurborg þarf að bregðast við þeirri þörf með því að búa til fjölbreytt störf og sýna samfélagslega ábyrgð sem einn af stærstu vinnuveitendum landsins. Hér eru tveir hópar: Annars vegar hópur sem þarf stuðning í upphafi starfs til að fá tækifæri en þarf ekki stuðning inn á vinnustað. Hins vegar er hópur fatlaðs fólks sem þarf líka stuðning, mismikinn inni í starfi. Til að auka stuðning við einstaklinga með skerta starfsgetu er lagt til að lærimeistari/mentor fylgi starfsmönnum með skerta starfsgetu í starfið. Skoða þá hugmynd að lærimeistari fái hæfnislaunaflokk fyrir sitt framlag. Starfsstaður borgarinnar fær mótframlag frá Vinnuálastofnun og þarf hvorki að greiða laun né launatengd gjöld starfsmannsins fyrstu þrjú árin þar sem atvinnuálapottur Reykjavíkurborgar greiðir viðbótarframlagið.

### Aðgerðir:

- Aukin áhersla á lærimeistarakerfið í tengslum við einstaklinga með skerta starfsgetu. Skoða hvort hægt er að greiða hæfnislaunaflokk.
- Skoða hvernig hægt er að auka hlutastörf hjá Reykjavíkurborg t.d. með ráðningu starfsmanns sem greinir störf á vinnustöðum.
- Námskeið fyrir lærimeistara sem eiga að sinna starfsmönnum með skerta starfsgetu.
- Kynna stuðning við samningsgerð vegna atvinnusamninga öryrkja.

- Lagt til að skoða ráðningu IPS ráðgjafa inn í starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar. Virk hefur verið að nota IPS ráðgjafa og það er hægt að nota þá fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu, sama á hvaða stigi skerðingin er.
- Fjölga ráðningum í gegnum vinnusamninga innan Reykjavíkurborgar.
- **Fjármagn:** Atvinnumálapottur stækkaður um 10 m.kr. á ári til að fjölga ráðningum einstaklinga með skerta starfsgetu. IPS ráðgjafi ráðinn í stöðugildi hjá Velferðarsviði.

Ábyrgðaraðilar tillögunnar: Mannauðsdeild.

### Tillaga númer 3:

Uppbygging verndaðra vinnustaða og hæfingartengdar þjónustu er á ábyrgð sveitarfélaga skv. lögum. Reykjavíkurborg á að sýna frumkvæði, vera leiðandi og leita fjölbreyttra leiða til að auka möguleika fólks til atvinnu og virkni. Lagt er til að Reykjavíkurborg skoði þátttöku í verkefnum á vegum einkaaðila sem stuðla að fjölbreytileika í störfum fyrir fatlað fólk sérstaklega í skapandi greinum s.s. þáttagerð, hönnun o.fl. Hér gæti framlag Reykjavíkurborgar verið að leggja fram starfsfólk og sérfræðipækkingu og mögulega húsnæði.

#### Aðgerðir:

- Auglýsa eftir samstarfsaðilum til að búa til fjölbreytta vinnustaði með áherslu á skapandi störf fyrir fatlað fólk.
- Finna húsnæði sem er hægt að bjóða einkaaðilum í samstarfi.
- **Fjármagn:** Auglýst eftir hugmyndum og fjárhagsrammi væri 10 m.kr. á ári annað hvort í formi húsnæðis eða starfsmanns.

Ábyrgðaraðilar tillögunnar: Velferðarsvið með stuðningi mannréttindaskrifstofu.

### Tillaga númer 4:

Lagt er til að stofnað verði smíðaverkstæði fyrir einstaklinga með flóknar þjónustuþarfir og krefjandi hegðun. Þessir einstaklingar eru í búsetuþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar og hafa vinnu- og virkniúrræði borgarinnar hefur ekki náð að sinna þörfum þeirra.

#### Aðgerðir:

- Finna húsnæði
- Ráðning verkefnastjóra til að innleiða og halda utan um verkefni.
- **Fjármagn:** Startkostnaður og launakostnaður er áætlaður um 20 m.kr. Er hér reiknað með 1,5 stöðugildi þ.e. verkefnastjóri 100 % starfshlutfalli og starfsmaður í 50 % starfshlutfalli.

Ábyrgðaraðilar tillögunnar: Velferðarsvið.

### Tillaga númer 5:

Lagt er til að stofna „vinnustað inná vinnustað“ sem tilraunaverkefni til eins árs að sænskri fyrirmynd. Fólk með skerta starfsgetu er ráðið inn á vinnustað hjá Reykjavíkurborg til að sinna ýmsum störfum. Yfir hópnum er umsjónaraðili sem starfar sem nokkurs konar tengiliður milli vinnustaðarins og starfsfólksins. Sem dæmi væri hægt að fara með lítinn hóp af einstaklingum með skerta starfsgetu inn

á til dæmis hjúkrunarheimili þar sem þeir myndu sinna fjölbreyttum verkefnum undir stjórn umsjónarmanns. Stefnt er að því að finna fleiri/fjölbreyttari vinnustaði út frá þeirri reynslu sem verður til af þátttöku í tilraunaverkefninu.

#### Aðgerðir:

- Setja upp tilraunaverkefni á til dæmis hjúkrunarheimili þar sem einstaklingar með skerta starfsgetu sinna störfum í þvottahúsi, eldhúsi, félagsstarfi o.s.frv.
- Búa til undirbúningshóp sem finnur hentugan vinnustað og formar verkefnið og leggur kostnaðaráætlun fyrir borgarráð.
- Skoða félagslega liðveislu og hvort hægt væri nýta félagslega liðveislu inni á vinnustað sem þessum.
- **Fjármagn:** 50% staða umsjónarmanns sem eru í kringum 5. m.kr. á ári. Gengið er út frá að húsnæði sé til staðar.

Ábyrgðaraðilar tillögunnar: Velferðarsvið.

#### Tillaga númer 6

Lagt er til að kanna möguleika á stofnun dagdvalarrýma fyrir aldrað fatlað fólk, sem notið hefur þjónustu í hæfingartengdum úrræðum. Hægt að byrja með tíu pláss til að stuðla að meiri hreyfingu á plássum í hæfingartengdum úrræðum s.s. Íðjubergeri og Ási styrktarfélagi. Öldrun byrjar fyrr hjá ýmsum hópum fatlaðs fólks og þess vegna er mikilvægt að koma til móts við þeirra þarfir og hafa sveigjanleika í virkniúrræðum hjá þessum hópi. Í tillögu að uppbyggingaráætlun er lagt til að bætt verði við 10 dagdvalarrýmum fyrir aldrað fatlað fólk. Mikilvægt er að virða aldurstengdar þarfir og gera öldruðu, fötluðu fólk kleift að eldast með reisu. Í dag fá 10 einstaklingar 67 ára og eldri þjónustu á starfsstöðum vinnumiðaðrar stoðþjónustu. Formlega hefur verið farið fram á greiðslu daggjalda við velferðarráðuneytið, með bréfi í júní 2016 og ítrekun í nóvember 2016. Beðið er svara frá velferðarráðuneytinu. Meðalverð á núverandi dagþjónusturýmum samkvæmt samningi við Ás styrktarfélag eru lögð til grundvallar samtals 5.100.000 á rými.

#### Aðgerðir:

- Þar til dagdvalarrými fyrir fatlað eldra fólk býðst á vegum ríkisins verði samið við Ás um 10 rými strax fyrir aldraða sem hafa verið í hæfingartengdri þjónustu.
- Fjármagn: 51 m.kr. í samningi við Ás.

Ábyrgðaraðilar tillögunnar: Velferðarsvið.

#### Tillaga númer 7

Unnið verði að atvinnuuppbyggingu í samræmi við þarfagreiningu Velferðarsviðs um þörf á hæfingartengdri þjónustu sem fram kemur í tillögu að uppbyggingaráætlun í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk frá janúar 2017. Þar er lagt til að á næstu 10 árum verði bætt við 60 nýjum

rýmum, ef frá eru talin 10 dagdvalarrými fyrir aldrað fólk (sbr. tillögu númer 6). Í ágúst 2017 var bætt við 8 nýjum rýmum með þjónustusamningi við Ás styrktarfélag til að mæta einstaklingum sem luku framhaldsskóla í vor. Fyrir næstu 3 árganga eða einstaklinga fædda á árunum 1998-2000 má reikna með að meðaltals nýgengi inn í þjónustuna séu 11 einstaklingar á ári. Ef við lítum til næstu sex árganga þar á eftir eða einstaklinga fædda á árunum 2001-2006 má reikna með að nýgengi verði að meðaltali 15 einstaklingar á ári. Ef miðað er við að úrgengi úr þjónustunni verði í samræmi við undanfarin ár má reikna með að uppbyggingarþörfin verði eftirfarandi.

| Uppbyggingarþörf          | á ári | samtals    |
|---------------------------|-------|------------|
| nýgengi 2018 - 2020       | 9     | 27         |
| nýgengi 2021 - 2026       | 13    | 78         |
| biðlisti 10               |       | 10         |
| Dagdvalarrými sem fara út |       | -10        |
| <b>Samtals næstu 9 ár</b> |       | <b>105</b> |

#### Aðgerðir:

- 2018, semja við Ás um 9 rými til viðbótar sem mæta þörf biðlista og nýgengis (ef tillaga 6 er ekki framkvæmd þarf að semja um 19 rými)
- Miða þyrfti lðjuberg meira að yngri notendum og auka tengsl út í atvinnulífið.
- 2019 -Opna þyrfti nýjan starfsstað með nýjar nálganir og rými fyrir 20 einstaklinga sem myndi skapa möguleika á að fólk geti skipt um starfsstað. Rýmið myndi mæta þörf fyrir ný rými næstu 3 árin. Horft yrði til hæfingarstaðar þar sem fólk er í vinnu úti í samfélaginu með aðstoð.
- **Fjármagn:** 2018 = 9 rými hjá Ás = 45,9 m.kr.  
2019 = 10 rými nýr vinnustaður = 101 m.kr. (miðað við kostnað í Gylfaflöt.)  
2020 = 10 rými nýr vinnustaður = 101 m.kr. (miðað við kostnað í Gylfaflöt).

Ábyrgðaraðilar tillögunnar: Velferðarsvið.

#### Tillaga númer 8

Unnið verði að því innan Reykjavíkurborgar að hægt sé að bjóða einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu í starfsþjálfun hjá Reykjavíkurborg. Þrátt fyrir að einstaklingum með fjárhagsaðstoð hafi fækkað síðustu ár þá liggur það fyrir að þeir sem ekki hafa komist á vinnumarkað af einhverjum ástæðum þurfa sérstaka aðstoð til virkni. Um er að ræða einstaklinga sem geta verið með skerta starfsgetu án þess þó að vera með fötlunargreiningu. Hópurinn sem um ræðir hefur verið lengi utan vinnumarkaðar en vilji er til að bæta lífsgæði sín en treysta sér ekki á almennan markað og þurfa mögulega eftirfylgd í starf.

#### Aðgerðir:

- Setja af stað tilraunaverkefni fyrir einstaklinga með fjárhagsaðstoð þar sem boðið verður upp á fjölbreytt störf innan borgarinnar í formi starfsþjálfunar.
- Um er að ræða hlutastörf með sveigjanlegan vinnutíma.
- Störfin verða veitt í allt að 12 mánuði.

- **Fjármagn:** 10 m.kr. til að hægt sé að aðstoða einstaklinga við að fá störf og starfsstaðir þurfi ekki að bera kostnað við ráðningar til að byrja með.

Ábyrgðaraðilar tillögunnar: Velferðarsvið.

#### Yfirlit yfir heildarkostnað við tillögunar átta.

| Viðbótarkostnaður á ári í mkr | 2018         | 2019       | 2020       |
|-------------------------------|--------------|------------|------------|
| tillaga 1                     | 0            |            |            |
| tillaga 2                     | 10           |            |            |
| tillaga 3                     | 10           |            |            |
| tillaga 4                     | 20           |            |            |
| tillaga 5                     | 6            |            |            |
| tillaga 6                     | 51           |            |            |
| tillaga 7                     | 45,9         | 101        | 101        |
| tillaga 8                     | 10           |            |            |
|                               | <b>152,9</b> | <b>101</b> | <b>101</b> |

## Minnisblað

Efni: Stýrihópur um atvinnu- og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar leggur fram tillögur að auknum tækifærum til atvinnu og virkni - áfangaskýrsla.

Stýrihópur um atvinnu- og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar leggur fram átta tillögur til að auka tækifæri til virkni og vinnu fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu og langtíma atvinnulausa einstaklinga. Stýrihópurinn vann tillögurnar upp úr heimsóknnum hagsmunaaðila á tímabilinu janúar – maí 2017. Á framangreindu tímabili voru boðaðir á fund stýrihópsins auk fulltrúa hópsins; Tryggvi Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að kynna viljayfirlýsingu um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks, Ragnheiður Hergeirsdóttir verkefnastjóri atvinnumála fatlaðs fólks hjá Vinnuálastofnun og Torfi Jóhannsson sem kom frá Grænum skátum og kynnti starfsemi þeirra. Einnig mættu á fund stýrihópsins Margrét Norðdal og Jón Þorsteinn Sigurðsson sem kynntu skapandi störf fyrir fatlaða einstaklinga. Steinunn Ása Þorvaldsdóttir, starfsmaður mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, kom og ræddi sínar skoðanir á atvinnumálum fatlaðs fólks út frá sinni stöðu sem kona með þroskaskerðingu sem hefur reynslu af ýmissi þjónustu sem veitt er fyrir fatlað fólk. Jón Finnbogason og Sigurbjörn R. Björnsson kynntu verkefni sem þeir voru með á málþingi þroskaþjálfanema um atvinnuþátttöku fatlaðs fólks. Þeir kynntu einnig verkefnið Smíkó sem var sett upp á vegum Kópavogsbæjar sem hæfingartengt úrræði fyrir einstaklinga með samsettar skerðingar og miklar stuðningsþarfir.

Stýrihópurinn mótaði átta tillögur sem fylgja með þessu minnisblaði og voru þær kynntar notendaráði fatlaðs fólks þann 23. nóvember 2017. Í notendaráðinu sitja einstaklingar sem hafa mikla reynslu af þeirri þjónustu sem er í boði fyrir fatlað fólk í Reykjavík og var markmiðið með samráði við notendaráð að fá að heyra sýn og athugasemdir ráðsins út frá reynslu fulltrúanna í ráðinu. Á sama fund mættu jafnframt fulltrúar Landssamtakanna Þroskahjálpar, Átaks – félags fólks með þroskahömlun, Hlutverkaseturs og Geðhjálpar. Tillögur stýrihópsins voru kynntar á fundinum og að því loknu fóru fram umræður um tillögurnar. Í framhaldinu fengu fulltrúar á fundinum tillögurnar til umsagnar og var þess óskað að athugasemdum yrði skilað til stýrihópsins viku síðar.

Þegar athugasemdir höfðu borist stýrihópnum fundaði hann aftur og vann tillögurnar með tilliti til þeirra athugasemda sem bárust. Með þessu minnisblaði fylgja tillögurnar um aukin tækifæri til atvinnu og virkni fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu og langtíma atvinnulausa einstaklinga. Aftast í tillögunum er kostnaðarmat vegna þeirra.

F.h. stýrihóps um atvinnu- og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður hópsins